

■ Sameining jafnaðarmanna

# Getnaður og meðganga fyrst

– segir **Kristín Ástgeirsdóttir**, þingkona Kvinnalistsans.

„Áður en **Jón Baldvin** fer að sinna störfum ljósmóður þarf getnaður og meðganga að eiga sér stað. Stóra spurningin er sú hvað menn vilja í þessum málum en orð eru til alls fyrst og það þarf að hleypa sem flestum að umræðunni,“ sagði **Kristín Ástgeirsdóttir**, þingkona Kvinnalistsans.

„Þeir sem hafa áhuga á frekari samvinnu og hugsanlegum samruna núverandi stjórnanarstöðuflokka þurfa að setjast niður og ræða saman. Það er augljóst að það er vaxandi þrýstingur á að þetta verði gert. Mér fannst hann ekki vera fyrir hendi fyrir síðustu þingkosningar en nú er þrýstingurinn kominn á það stig að ekki verður komist hjá því að ræða málin. En um hvað á að tala og hvað er það sem sameinar og hvað er það sem sundrar og er yfirleitt einhver grundvöllur fyrir frekari samvinnu? Það er þetta sem menn verða að gera upp við

sí. Allir þessir fjórir flokkar eru í ákveðnum tilvistarvanda og ekki hægt að horfa framhjá því,“ sagði **Kristín**.

„Á fundinum á Kornhlöðuloftinu fannst mér **Jón Baldvin** gera tilraun til að koma með greiningu á því hvað skilur í milli og hvar átakalínurnar liggja. Þar eru ýmis mjög erfið mál eins og til dæmis Evrópumálin. En menn þurfa að mætast á jafnréttisgrundvelli og fara yfir stöðuna. Ég held að það verði að vera ljóst fyrir næstu þingkosningar hvað úr verður í þessu máli,“ sagði **Kristín** enn fremur.

Hún kvaðst ekki vilja spá neinu um það að svo stöddu hvað kæmi út úr viðræðum um sameiningu og benti á að taka þyrfti á ýmsum málum.

„Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkurinn byggja á gömlum sögulegum grunni. Þótt menn séu að reyna að slíðra sverðin þá er auðvitað grunnt á



**Kristín:** Menn eiga að ræða málin vítt og breitt, hleypa sem allra flestum að þeirri umræðu, kasta spurningum út í samfélagið og ná upp umræðu áður en lengra verður haldið. A-mynd: E.Ól.

því góða milli þessara flokka. Sagan talar sínu máli og er alltaf á bak við og undir niðri. Síðan er Kvinnalistin með sína sérstöðu, sínar feminísku áherslur. Hingað til hafa þessir flokkar ekki viljað gera veg kvenna sérstaklega mikinn. Hvað þá að þeir geri sér grein fyrir að þetta er spurning um breyttar áherslur, breytt vinnubrögð og nýjar hugmyndir. En vitaskuld þarf að ræða þetta allt. En það á ekki að gera með þeim hætti að einhverjir forystumenn setjist niður heldur eins og gert var á fundinum á mánudagskvöldið. Menn eiga að ræða málin vítt og breitt, hleypa sem allra flestum að þeirri umræðu, kasta spurningum út í samfélagið og ná upp umræðu áður en lengra verður haldið. Jarðvegurinn verður að vera til staðar og það kemur þá fljótt í ljóst hvort grundvöllur er fyrir hendi eða ekki,“ sagði **Kristín Ástgeirsdóttir**.



**Ingibjörg Sólrún borgarstjóri lagði sitt af mörkum til Landssöfnunar Rauða krossins um helgina og gekk meðal annars í hús með bauk og safnaði.** A-mynd: E.Ól.

## Landssöfnun Rauða krossins 25 milljónir komnar í baukana

Rauði kross Íslands gekkst fyrir fjársöfnun um land allt á sunnudaginn var til styrktar konum og börnum sem búa við neyð í gömlu Jógóslavíu og afskekktum héruðum Víetnam. Söfnunarféð rennur óskipt til hjálparstarfsmanna og síðast þegar fréttist var upphæðin komin í 25 milljónir.

Það voru ótal sjálfbodaðir sem gengu í hús með sérstaka söfnunarbauka sem merktir voru Rauða krossi Íslands og á þeim hvíldi þungi söfnunarinnar, en einnig liggja giróseðlar Hjálparsjóðs RKÍ frammi í bönkum og sparissjóðum. Deildir innan RKÍ hafa umsjón með skipulagningu söfnunarinnar, en 50 slíkar eru starfandi í landinu.

Alþjóðahreyfing Rauða krossins hefur helgað konum og börnum hjálparstarf sitt á þessu ári, enda verða þau iðulega verst úti þegar neyðarástand skapast vegna átaka eða af öðrum orsökum. Varnarleysi þeirra er oft algjört. Um 50 milljónir manna eru nú á vergangi í eigin landi eða hafa neyðst til að flytja heimaland sitt. Um 80 af hundraði þeirra eru konur og börn. Skilaboðin um neyðina komust síðan vel til skila til íslensku þjóðarsálarinnar og viðtökurnar voru góðar.

■ Yfirlitssýning á verkum Kjarvals frá aldamótum til 1930

# Engar byltingarkenndar breytingar á vitneskju um Jóhannes Kjarval

– en fleiri heimildir en áður hafa verið til á einum stað, segir **Kristín Gunnarsdóttir** listfræðingur í samtali við *Alþýðublaðið*.

„Sýningarstjóri sér um sýninguna og er ábyrgur fyrir undirbúningsvinnu og rannsóknvinnu. Ég skrifa grein í sýningarskrána, sé um val verka og upphengingu,“ sagði **Kristín Gunnarsdóttir** listfræðingur í samtali við *Alþýðublaðið*, en hún er sýningarstjóri yfirlitssýningar á verkum **Jóhannesar Kjarvals** sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum 16. september næstkomandi.

„Undanfarnir ár hefur farið fram mikil gagnasöfnun innan safnsins, heimilda um Kjarval hefur verið leitad. Við höfum safnað öllum skriflegum heimildum um hann; bréfum frá honum og til hans, öllu útgefnu efni eftir hann – þetta voru undirstöðurnar að rannsóknvinnunni. Gagnasöfnunin var viss hornsteinn að nýjum rannsóknum.“

Hafa rannsóknirnar leitt eitthvað nýtt í ljós?

„Þær hafa ekki dregið fram neinar byltingarkenndar breytingar á vitneskju um Kjarval. En það er búið að endurgera æviferil hans; við gátum leiddrétt ýmis ártöl og atburði í æviferli hans því við höfðum aðgang að fleiri gögnum en áður hefur verið.“

Við höfum getað varpað vissu ljósi á vinnubrögð hans. Til dæmis fundust mjög athygliverðar ljósmyndir sem



„Núna ætjum við að sýna verk frá aldamótum til 1930. Sýningin verður byggð upp í tímaröð og það ætti að gefa fólki kost á að rekja sig í gegnum feril hans,“ segir **Kristín Guðnadóttir** sýningarstjóri. Hér stendur Kjarval við eitt af eldri verkum sínum. A-mynd: Jóhann Vilberg

hann notaði sem uppistöðu við gerð veggmynda í Landsbankanum. Þetta er merkileg heimild um að hann hafi notað ljósmyndirnar sem frumheimild við gerð verkanna. Við teljum mjög

líklegt að hann hafi tekið ljósmyndirnar sjálfur, svo skissaði hann út frá þeim – þær skissur hefur safnið átt lengi – og gerir loks verkin á veggina. Svona getum við rakið þrjú stig í vinnuferli þessara verka.

Að vissu leyti hefur verið hægt að endurmeta þetta tímabil – frá aldamótum til 1930 – í lífi Kjarvals. Ég hef skrifað grein um helstu áhrifa-valda hans og merki þeirra í stílþrífum hans, sem verður birt í sýningarskránni.“

Hverjir voru helstu áhrifa-valdar Kjarvals?

„Kjarval fer til London fyrst árið 1902. Þar kynnist hann **Turner** og **Blake** – það eru fyrstu kynni hans af heimsmenningunni, sem höfðu mikil áhrif á hann. Hann dvaldi um nokkurra mánaða skeið í London, ætlaði fyrst að reyna að komast í nám þar, en það tókst ekki. Á vordögum fór hann þá til Kaupmannahafnar þar sem hann komst inn í Tækneskole og seinna inn í Akadefíuna. Í Kaupmannahöfn kynnist hann enn nýjum menningarheimi; hann var mjög upptekinn af danskrí samtímalist, dönskum mórderisma og kúbisma. Hann býr í Kaupmannahöfn í tíu ár, en dvelur

nokkur sumur á Íslandi. 1920 fór hann í námsferð til Rómur og sest að á Íslandi 1922.“

Er ekki alltaf verið að halda Kjarvalssýningar?

„Fjöldi Kjarvalssýninga hefur verið haldinn á Kjarvalsstöðum, en það hafa verið þemasýningar. Til dæmis hafa einkasöfn verið sýnd, verk úr eigu safnsins eða uppstillingar eða eitthvað þvímúlikt. Það eru tíu ár síðan yfirlitssýning yfir verk hans var haldin, sú síðasta var aldarafmælis-sýningin árið 1985. Núna ætjum við að sýna verk frá aldamótum til 1930. Sýningin verður byggð upp í tímaröð og það ætti að gefa fólki kost á að rekja sig í gegnum feril hans. Það verða sýnd verk frá því áður en hann fór til náms í útlöndum, verk sem hann málaði í London, námsverkefni frá Kaupmannahöfn, verk sem hann málaði þegar hann heimsótti Ísland og svo verk sem hann málaði þegar hann var sestur hér að. Ferlið verður rekið svona stig af stigi. Það verða sýnd um það bil 90 verk.“

Í sýningarskrá verður grein sem fjallar um stílþróun Kjarvals. Þá verður æviferill hans tundaður, mun ítarlegar en áður hefur verið unnt.“

■ Tvennum sögum fer af gæðum vinnubragða karlmanna í fiskvinnu

# Vinnubrögð karlmanna grófari en kvemma

– við snyrtingu og pökkun, segir **Magnús Helgason** frystihússtjóri í Hrísey.

„Ég hef sjálfur unnið svona störf og viðurkenni að karlmenn eru grófari við þessi störf, má ekki þeirri nýtingu og afköstum sem aftakamestu konurnar ná,“ sagði **Magnús Helgason**, frystihússtjóri Kaupfélags Eyfirðinga í Hrísey, í samtali við dagblaðið *Dag* fyrir skemmstu. Tilefni þessara orða **Magnúsar** er að **Páll Pétursson** félagsmálaráðgjafi hefur nú til skoðunar mál þar sem karlmönnum hefur ver-

ið neitað um vinnu í frystihúsi sem taldi að um hefðbundin kvennastörf væri að ræða. Slíkt brýtur gegn jafnréttisögum og Dagur spurði því frystihússtjóran í Hrísey hvort það væri reyndla hans að karlmennt séu lakari starfskraftur við snyrtingu og pökkun á flæðilínu og kvað sá já við spurningunni. **Magnús Helgason** tók þó fram í Degi, að „þessi störf hafa að langmestu leyti verið unnin af karlmönnum á frystitögurum og engan hef ég heyrt kvarta yfir því. Og auðvitað er betra að hafa karlmenn við þessi störf en alls enga.“

## Lundaveiðin góð í Eyjum Hundrað þúsund lundar veiddir

Lundaveiðitímabilið er á enda í ár. Almenn er menn ánægðir með sumaríð sem fór rólega af stað í veiðinni en síðan sóttu menn í sig veiðir er á leið. Veiðimenn segja að áberandi meira hafi verið af fugli í sumar en áður og benti það til að stofninn sé fráleitt að minnka.

Þetta kom fram í Vestmannaeyjablaðinu *Fréttum* um síðustu helgi. Engir munu þó vera jafnánægðir og Ystaklettismenn, en þeir veiddu 223 kippur að sögn Fréttu og slógu gamla veiðimetíð: 186 kippur. Þess má geta að ein „kippa“ telst vera 100 fuglar.

Blaðið ræddi við Eyjamenn og voru flestir sammála um að sumaríð væri yfir meðallagi gott og þannig veiddu til dæmis Eillíðaeyingar 130 kippur, Bjarneyingar 120-130 kippur og á heildina lítið giska menn á að veiðin sé ekki undir þúsund kippum sem gerir hvorki meira né minna en hundrað þúsund lunda.